

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Berklaveikrasjóðinn Þorþjörgu.

1. gr.

Sjóður þessi var stofnaður af hjónunum Thor Jensen kaupmanni í Reykjavík og konu hans Margréti Þorþjörgu. Fyrsta skipulagsskrá fyrir sjóðinn var staðfest 15. apríl 1915 og er nafn sjóðsins: Berklaveikrasjóðurinn Þorþjörg.

Hinn 1. janúar 1998 voru tíu sjóðir sameinaðir Berklaveikrasjóðnum Þorþjörgu og eiga þeir það allir sameiginlegt að hafa verið stofnaðir í þeim tilgangi að styrkja berklasjúklinga. Um er að ræða eftirtalda sjóði: Minningarsjóð Björns Vilhjálmssonar (130/1912), Minningarsjóð Þorvaldínus S. Jónsdóttur (63/1915), Styrktarsjóð sjúklinga Hressingarhælisins í Kópavogi (124/1939), Gjafasjóð Guðna Brynjólfssonar (132/1941), Gjafasjóð Lenu Brandson (133/1941), Gjafasjóð Sigurðar Erlendssonar (134/1941), Gjafasjóð G. Aubertin (135/1941), Barnadeildarsjóð Vífilstaða (136/1941), Gjöf Þórðar Sigmundssonar (137/1941) og Gjafasjóð Sigríðar Ásgeirs Þóttur (144/1941).

Kennitala sjóðsins í fyrirtækjaskrá er 640394-3159. Heimili og varnarþing hans er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að bæta aðstöðu berkla- og lungnasjúklinga, m.a. með því að leggja fram fé til kaupa á lækningatækjum fyrir lungnadeild Landspítalans. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að veita fé til rannsókna og til að bæta aðstöðu annarra sjúklinga með langvarandi sjúkdóma.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins voru hlutabréfin Ltr. E. nr. 21, að upphæð 1.000 kr. og Ltr. F. nr. 1 að upphæð 5.000 kr. í hlutafélaginu Eimskipafélag Íslands og 400 kr. í peningum. Í samræmi við heimild í 4. gr. stofnskrár sjóðsins frá 4. janúar 1999 hefur stjórn hans selt hlutbréf í Hf. Eimskipafélagi Íslands. Í lok árs 2007 er hlutafjáreign sjóðsins í fjórum hlutafélögum samtals 9.126.653 kr. á bókuðu kaupverði og handbært fé að fjárhæð 42.354.936 kr.

4. gr.

Eigið fé sjóðsins í árlok 2007 nemur samtals 51.900.161 kr. Bundinn höfuðstóll, sem ekki má skerða, telst vera andvirði hlutabréfaeignar sjóðsins í Hf. Eimskipafélagi Íslands í árslok 1997, eða ígildi þeirrar eignar síðar. Í árslok 2005 höfðu öll umrædd hlutabréf verið seld. Andvirði sölunnar nam samtals 36.254.000 kr., sem telst því bundinn höfuðstóll sjóðsins.

5. gr.

Eignum sjóðsins má verja í samræmi við tilgang hans samkvæmt 2. gr. með bókuðum ákvörðunum stjórnar. Bundinn höfuðstól, sbr. 4. gr., má þó ekki skerða. Sjóðurinn má hvorki lána fé né takast á hendur skuldbindingar sem ekki varða beint tilgang og rekstur sjóðsins. Sjóðnum er heimilt að gera samning við bankastofnun um fjárvörslu og eignastýringu.

6. gr.

Framkvæmdastjórn Landspítala skipar þrjá menn í stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum forstjóra sjúkrahússins. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Stjórnarfundir skulu haldnir a.m.k. einu sinni á ári og skal til þeirra boðað af formanni. Stjórn sjóðsins skal halda fundargerðarbók um ákvarðanir sínar og um hvaðeina er varðar rekstur sjóðsins.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður styrkveitingar úr sjóðnum í samræmi við tilgang hans, sbr. 2. gr.

Tekjur sjóðsins eru gjafafé, styrkir, minningargjafir og áheit, ásamt vöxtum og arði af eignum hans. Stjórnunarkostnaður greiðist af tekjum sjóðsins.

8. gr.

Bókhald og fjárvörslu sjóðsins annast skrifstofa fjárreiðna og upplýsinga hjá Landspítala og skal reikningsár sjóðsins miðast við almanaksárið. Skrifstofa fjárreiðna og upplýsinga semur árlega ársreikning fyrir stjórn sjóðsins, og skal hann liggja fyrir eigi síðar en 1. júní ár hvert fyrir undangengið ár. Bókhald og reikningsskil sjóðsins skulu vera í samræmi við bókhaldslög, nr. 145/1994, og við ársreikningalög, nr. 3/2006, auk reglna Landspítala um bókhald sérsjóða og tengdra verkefna.

Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af endurskoðanda Landspítala. Endurskoðaður ársreikningur skal sendur Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari verður hvorki breytt né Berklaueikrasjóður Þorbjargar lagður niður nema með einróma samþykki sjóðstjórnar og að fengnu samþykki embættis sýslumanns.

10. gr.

Í samræmi við lög um sjóði, sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988, með síðari breytingum, skal leita staðfestingar á skipulagsskrá þessari hjá embætti sýslumanns. Sama á við um breytingar á skipulagsskrá.

Við staðfestingu þessarar skipulagsskrár fellur úr gildi skipulagsskrá fyrir Berklaueikrasjóð Þorbjargar frá 4. janúar 1999.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir, sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 16. janúar 2009.

Ríkarður Másson.

Lára Kristín Gísladóttir.

B-deild – Útgáfud.: 2. febrúar 2009